



Suðurlandsskógar



Mynd Hrafn Óskarsson

Ársskýrsla 2008



Efnisyfirlit

Samantekt framkvæmdastjóra	bls. 2
Yfirlit ársins	bls. 2
Skógarplöntuframleiðsla	bls. 2
Rannsóknir og þróun	bls. 3
Fjárlög næsta árs	bls. 3
Kynningar og fræðslumál	bls. 4
Frætínsla	bls. 5
Starf áætlunarfulltrúa Sls. 2008	bls. 6
Fjöldi jarða og búskaparhættir	bls. 7
Fjöldi samninga og stærð samningssvæða	bls. 8
Yfirlit tegunda 2008 í skógrækt og skjólbeltarækt	bls. 9
Áburðarnotkun árið 2008	bls. 10
Framkvæmdir – Heildaryfirlit	bls. 11
Skógrækt	bls. 11
Heildaryfirlit skógarplantna í öllum sýslum	bls. 13
Skjólbeltarækt	bls. 14
Heildaryfirlit skjólbeltaplantna í öllum sýslum	bls. 15
Svæðisstjóraspjall Gullbringusýslu 2008	bls. 16
Samantekt gróðursetninga í Gullbringusýslu árið 2008	bls. 17
Svæðisstjóraspjall í Árnessýslu 2008	bls. 18
Samantekt gróðursetninga í Árnessýslu árið 2008	bls. 19
Svæðisstjóraspjall í Rangárvallasýslu 2008	bls. 20
Samantekt gróðursetninga í Rangárvallasýslu árið 2008	bls. 21
Svæðisstjóraspjall í Vestur og Austur- Skaftafellsýslum 2008	bls. 22
Samantekt gróðursetninga í V-Skaftafellssýslu árið 2008	bls. 23
Samantekt gróðursetninga í A-Skaftafellssýslu árið 2008	bls. 24
Samanburður á milli ára	bls. 25
Lykiltölur úr árskýrslu	bls. 26



Samantekt framkvæmdastjóra

Yfirlit ársins 2008.

Árið 2008 verður minnst sem viðburðarríku ári í sögu skógræktar á Íslandi. Miklar hækkanir urðu á öllum aðföngum til skógræktar og bitnaði það mjög á framkvæmdum seinna hluta ársins. Draga varð úr framkvæmdum eins og jarðvinnslu og slóðagerð hjá Suðurlandsskógum. Í lok ársins var síðan ljóst að mikill niðurskurður verður á framlögum til skógræktar á næsta ári a.m.k.


Stjórn Suðurlandsskóga árið 2008 skipuðu Garðar Hannesson formaður, Þorbergur Hjalti Jónsson fulltrúi Skógræktar ríkisins og Agnes Geirdal fulltrúi skógarbænda. Stjórnin hélt alls átta fundi á árinu.

Starfsmenn eru Anna Björg Níelsdóttir, Böðvar Guðmundsson, Hallur Björgvinsson, Harpa Dís Harðardóttir, Hrönn Guðmundsdóttir og Valgerður Erlingsdóttir auk framkvæmdastjóra.

Í þessari ársskýrslu er að finna gott yfirlit yfir framkvæmdir á árinu 2008 á bújörðum. Almenn samantekt er einnig um framgang verkefnisins m.a. um áætlanagerð, fjölda samninga og fleira.

Skógarplöntuframleiðsla

Endurnýjaðir samningar og gerðir nýir um framleiðslu á 1,3 milljón plantna fyrir árið 2009. Plöntudreifing og umhirða plantna var í Björnskoti fyrir Árnassýslu, á Tumastöðum og Bjargarkoti fyrir Rangárþing, í Prestbakkakoti fyrir V-Skaftafellssýslu og í Dilksnesi fyrir A-Skaftafellssýslu.




Mynd 1. Sýnir hlutfall gróðursettra plantna frá hverri ræktunarstöð.

Rannsóknir og þróun

Unnið var áfram að þróun á vélgróðursetningu og fóru nokkrir fjármunir og tími í þá vinnu eins og undanfarin ár.

Jón Þór Birgisson nemandi við Danska Landbúnaðarháskólann stóð fyrir innflutningi á illgresiseyðingarherfi í samvinnu við Suðurlandsskóga. Hugmyndin er að prófa herfið næstu árin í skjólbeltarækt og þróa það frekar við íslenskar aðstæður.

Framhald varð á vinnu, Rakelar Jakobínu Jónsdóttur mastersnema, á frýstingu skógarplantna hjá Suðurlandsskógum.




Fjárlög næsta árs

Suðurlandsskógar fengu á fjárlögum fyrir árið 2008 125 milljón króna, en fjárlög ársins 2009 gera ráð fyrir niðurskuði í 108 milljónir.

Á árinu fór mikil vinna í undirbúning á brunavörnum og tryggingum skóga, skoðun á virði skóga, kolefnisumræðu og fleiri verkefni sem unnin voru í samvinnu við Lse, S.r. og skógræktarfélögin.

Fjárframlag til Suðurlandsskóga árin 1998-2008



Tafla 1. Sýnir þróun í fjárframlögum Suðurlandsskóga.

Kynningar- og fræðslumál

Sótt var um í Leonado-verkefnið til styrktar námskeiði í jólatrjárækt sem var haldið í nóvembermánuði í Danmörku. Alls tóku 18 íslendingar þátt í þessu námskeiði sem Suðurlandsskógar stóðu að í samvinnu við LbhÍ og danska Landbúnaðarháskólann. Þetta var annað námskeið sem þessir aðilar stóðu sameiginlega að.

Myndaður var starfshópur í framhaldi af námskeiðinu sem mun vinna að framþróun í jólatrjárækt hér á landi, líkt og gert var í skjólbeltaræktinni eftir námskeiðið í Nödebo 2007.



Mynd 3. Hópurinn sem fór á jólatrjáánámskeið í Danmörku 2008.

Suðurlandsskógar stóðu fyrir stuttri ráðstefnu 21. maí í Þrastaskógi um brunavarnir og tryggingar í skógrækt. Nokkrar stofnanir og samtök tóku þátt í ráðstefnunni.

Suðurlandsskógar, Skógrækt ríkisins, Hekluskógar, Lse og Félag skógarbænda á Suðurlandi stóðu sameiginlega að kynningu á þessum stofnunum og samtökum á sýningarsvæði á Landbúnaðarsýningunni á Hellu dagana 23.-24. ágúst síðastliðinn. Umgjörð sýningarbássins var til fyrirmyndar og er Skógrækt ríkisins færðar sérstakar þakkir fyrir þeirra þátt.

Í tengslum við sýninguna voru gerð plaköt m.a. um notkunarmöguleika birkis, sem varð gert í samvinnu Skógræktar ríkisins, Suðurlandsskóga og Hekluskóga.

Suðurlandsskógar stóðu fyrir árlegri Fagráðstefnu á Hvolsvelli í aprílbyrjun. Ráðstefnan tókst með ágætum, en þátttakendur voru alls hundrað og sjötíu og tuttugu og fimm fyrirlesarar voru með erindi. Þetta var áttunda fagráðstefnan í skógrækt og sú fjölmennasta hingað til. Mikið af ungu fólki sótti ráðstefnuna sem er ákveðin vísbending um mikla og góða endurnýjun í greininni á næstu árum.

Í tengslum við ráðstefnuna var halinn aðalfundur Lse.



Mynd 4. Gestir á fagráðstefnu í skógrækt haldin á Hvolsvelli 2008.



Samstarfssamningur Suðurlandsskóga og verkefnisins Yndisgróðurs hjá Landbúnaðarháskóla Íslands varðandi nýjar tegundir trjáa og runna í skjólbelti og skógarjaðra var undirritaður í haust. Er þetta verkefni tengt endurskoðun skjólbelta hjá verkefninu.

Upplýsingafundur var haldinn á Selfossi 26. nóvember. Á fundinn mættu auk stjórnar Sls stjórn Félags skógarbænda á Suðurlandi, starfsfólk Suðurlandsskóga ásamt starfsmönnum Mógilsár. Umræðuefni fundarins var rannsóknir og tilraunir í skógrækt á Suðurlandi. Fundurinn var mjög gagnlegur og upplýsandi.



Mynd 5. Skjólbelti á Efra-Seli í Árnessýslu.

Frætísla.

Starfsmenn Sls fóru í frætíslu í Þjórsárdal í fjóra daga. Mikið var týnt að könglum sem voru þurrkaðir og síðan var fræið afvængjað og síðan sent til Noregs í spírunarprófun og geymslu. Alls komu um 16 kíló úr þessari frætíslu. Björn B. Jónsson framkvæmdastjóri Sls.



Mynd 6. Starfsmaður Sls við frætíslu í Þjórsárdal.



Starf áætlunarfulltrúa SLS 2008.

Heldur færri jarðir sóttu um inngöngu í SLS, heldur en undanfarin ár.

Þessar jarðir sóttur um;

Sótt hefur verið um stækkun á skógræktarsvæði í Hemrumörk í Skaftártungu og Gljúfri í Ölfusi auk þess sem nýjar jarðir hafa sótt um aðild að Suðurlandsskógum. Þær eru Heiði í Mýrdal, Flatey og Hólmur í Austur-Skaftafellssýslu, Tunga, Langholt og Sandhóll í V-Skaftafellssýslu og Hvammur undir Eyjafjöllum. Athygli vekur að engin ný jörð kemur að þessu sinni úr Árnessýslu.

Stjórn Suðurlandsskóga samþykkti jarðirnar Langholt og Sandhól í Meðallandi inn í verkefnið, og Hvamm undir Eyjafjöllum með fyrirvara um jákvæða umsögn sveitarstjórnar Rangárpings eystra.

Meiri áhersla var lögð á úttektir á gróðursetningum á eldri skógræktarjörðum en oft áður og voru eftirtaldar jarðir skoðaðar og **framkvæmdaráætlanir fyrir þær gerðar:**

Árnessýsla:

Stíflisdalur í Þingvallasveit, Ásbrekka í Gnúpverjahrepp, Ásgerði, Hrafnabjörg og Foss í Hrunamannahrepp, Gerðakot og Lækur í Ölfisi og Kiðjaberg í Grímsnesi,

Rangárvallasýsla:

Torfastaðir og Eyvindarmúli í Fljótshlíð, Kaldbakur á Rangárvöllum og Vörður í Landsveit. Talsverð vinna er við endurskoðun hvernar jarðar, bæði við úttektirnar sjálfar úti í feltinu og svo við það að koma öllum upplýsingum inn á áætlanablaðið þannig að úr verði það sem kallað er í daglegu tali uppá norsku; “driftsplan”.

Nýjar áætlanir voru gerðar fyrir eftirfarandi jarðir.

Tjaldhóll Grímsnesi, Berangur á Rangárvöllum, Hólmur á Mýrum Au-Skaft, hluti Stíflisdals í Þingvallasveit, Hnaus í Flóa endurmat, Hvammur í Holtum og Gljúfur í Ölfusi stækkun.


Sparnaðarráðstafanir vegna óheftrar frjálshyggju 2009.

Áætlanafulltrúi tók þátt í sparnaðaraðgerðum og lét eftir skrifstofupláss sitt og flutti inn í almenninginn á skrifstofu Suðurlandsskóga.

Fjöldi jarða og búskaparhættir

267 jarðir á Suðurlandi eru að taka þátt í verkefnum Suðurlandsskóga. Af þeim eru 251 aðilar sem gengið hafa frá samningum og 12 eru í vinnslu. Af þessum 267 jarðeigendum hafa 191 fasta búsetu eða 72 %.

Flestir skógarbændur stunda annan búskap með skógræktinni eða 67 % s.s kúa eða fjárbúskap og ferðapjónustu samanber myndinni hér að neðan.



Mynd 7. Sýnir fjölda bænda í verkefni SIs og fjölda þeirra sem hafa fasta búsetu á jörðum sínum.




Mynd 8. Sýnir hlutfall þeirra skógarbænda sem stunda annan búskap.




Fjöldi samninga og stærð samningssvæða

Gengið hefur verið frá skógræktarsamningum við 106 skógarbændur. 56 samningar í Árnessýslu, 28 í Rangárvallasýslu, 13 í V-Skaftafellssýslu og 9 í A-Skaftafellssýslu. Heildarstærð samningssvæðanna er 9.276.78 hektarar. Fjöldi skjólbeltasamninga á Suðurlandi er komin í 145.

Fjöldi skógræktar og skjólbeltasamninga í hverri sýslu



Mynd 9. Sýnir fjölda skógræktar og skjólbeltasamninga í hverri sýslu.



Mynd 10. Sýnir stærð samningssvæða í skógrækt í hverri sýslu



Yfirlit tegunda 2008 í skógrækt og skjólbeltarækt


Árið 2008 var gróðursett á 94 jörðum á starfssvæði Suðurlandsskóga í skógrækt og skjólbeltarækt. Heildargróðursetning var rúmleg miljón plöntur. Þar af fóru 1.005.360 plöntur í skógrækt eða 96 % og 39.318 skjólbeltarækt eða 4 %. Það hefur færst í vöxt að bændur planti inn íbótum því alltaf má reikna með afföllum. Hlutfall plantna sem fór í íbætur þetta árið var 26 % og 74 % í nýgróðursetningar.

Eins og áður kemur fram var einungis gróðursettar 39.318 plöntur í skjól eða einum fjórða minna en árið 2007.

Taflan hér til hliðar sýnir fjölda plantna og þær tegundir sem notaðar voru í skógrækt og skjólbeltarækt árið 2008. Myndin hér að neðan sýnir hlutfall helstu tegunda.

Tegund	Skógrækt	Skjólbeltarækt	Samtals
Sitkagreni	379.830	2.340	382.170
Hvítgreni	16.720	40	16.760
Bláugreni	29.200	80	29.280
Stafafura	243.685		243.685
Bergfura	8.400		8.400
Lindífura	3.605	210	3.815
Skógarfura	2.320		2.320
Lerki	3.516		3.516
Fjallapínur	175		175
Alaskaösp	27.685	7.700	35.385
Ilmbjörk	185.693	6.385	192.078
Ilmreytir	19.829	1.688	21.517
Sitkaelri	34.950	9.855	44.805
Gráelri	1.575	210	1.785
Álmur	735	35	770
Askur	35	105	140
Hlynur	252	35	287
Víðir	39.270	4.900	44.170
Víðistikk	1.000		1.000
Rífs/Sólb	1.400	665	2.065
Reynir ýt.	1.679	245	1.924
Rós	770	1.645	2.415
Toppar	1.006	1.015	2.021
Ým runnar	2.030	2.165	4.195
Samtals	1.005.360	39.318	1.044.678

Tafla 2. Listi yfir plöntutegundir sem gróðursettar voru í skógrækt og skjólbeltarækt.



Mynd 11. Hlutfall helstu tegunda gróðursettar í skógrækt og skjólbeltarækt.



Áburðarnotkun árið 2008

Áburðargjöf á eldri gróðursetningar var með meira móti þetta árið enda stór skógræktarsvæði á rýru landi sem þarf að styðja við fyrstu árin. Dæmi eru um að bændur gróðursettu ekkert en sneru sér þá eingöngu að áburðargjöf.


Heildarmagn áburðar var 39 tonn. Þar af fóru um 15 tonn í nýgróðursetningu eða 28 % en 24 tonn á eldri gróðursetningar.

Taflan hér að neðan sýnir þær áburðartegundir og áburðarmagn sem notað var árið 2008.

Áburðartegund	Áburðarnotk árið 2008
Græðir 6 (21-4-10)	25.080 kg
Landgræðsluáb (17-7-1)	3.355 kg
Móði (26-6)	10.800 kg
Samtals áburðarmagn	39.235 kg

Tafla 3. Sýnir magn í kg. og tegund áburðar sem notað var árið 2008.

Hlutfall áburðartegunda sem notað var árið 2008



Mynd 12. Sýnir hlutfall áburðartegunda sem notaður var árið 2008



Framkvæmdir - Heildaryfirlit

Skógrækt.

Gullbr	Greni	Fura	Lerki	Ösp	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Víðir	Samtals
Lönd	350				160	210	230	105	700	1755
Melaberg	30		140				160		875	1205
Samtals	380	0	140	0	160	210	390	105	1575	2960

Árn	Greni	Fura	Lerki	Ösp	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Víðir	Samtals
Ásbrekka	5340	150		560		70	80	700	70	6970
Ásgerði	1770	75					80	105		2030
Bergás	960	600	1056	1085				35		3736
Borgarholt	21040	23700		525	2800	1540	5780		1295	56680
Breiðanes	0	0			480		480		350	1310
Böðmódsstaðir	3080	0					350			3430
Efri-Grímsl	35	0					35			70
Efra-Sel	2295	900								3195
Foss	3250	0			800					4050
Fossnes	210	0			400	35	35	245		925
Galtalækur	1905	11375				35		35		13350
Gerðakot	220	0		665		70	1040	280		2275
Gljúfur	220	600	320		800		140			2080
Gýgjarhóll	945	1500	720		160					3325
Hamarsheiði	4400	0								4400
Helgastaðir	330	40								370
Helludalur	9640	70		875	1600		400	245		12830
Hnaus	3840	11400		175	1000	350	600	175	35	17575
Hrafnabjörg	32410	0			1680		1080			35170
Hraun	800	5280			200			140		6420
Jaðar	18760	600				980	1720	420	735	23215
Kampholt	8700	0								8700
Laxárdalur	1180	1200			40					2420
Lækur	1330	1050								2380
Lækjarbrekka	30	0	320	910				350	1470	3080
Neistastaðir	11790	40360			3840	560	2115	910	70	59645
Reykjadalur	11920	15000								26920
Sandlækur	770	0			160	105	35	35		1105
Skarð	520	210			560	105				1395
Skógarberg	8105			1155	480	875		105	700	11420
Skógarhlíð	18240	1050	320	70				210		19890
Snæfoksstaðir	9920	20100				280	525		625	31450
Stíflisdalur					760		3600			4360
Stóra-Hof	20160	27000			1360					48520
Stærri-Bær	0	9900								9900
Spóastaðir	900	0								900
Vatnsleysa	0	300					80	70		450
Samtals	205015	172460	2736	6020	17120	5005	18175	4060	5350	435941



Framkvæmdir – heildaryfirlit frh.

Rang	Greni	Fura	Lerki	Ösp	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Víðir	Samtals
Akurbrekka	5120	4800			1680	1008				12608
Árskógar		0			38560					38560
Berangur	0	0			26200				700	26900
Búland	16800	0			5040					21840
Dalsel	0	0			13400					13400
Gilsbakki	0	0		315	350	240				905
Heklumörk	4120	300			640					5060
Hvammur	80570	20645		1050	640	3140	5160	665		111870
Kaldbakur	1200	0			25728	690	385	1286	630	29919
Keldur	0	24800		1330		744	7260		1330	35464
Péturshólmi	9000	9000			1000	984				19984
Sámsstaðir	30820	2400			5320			112		38652
Sumarliðabær	4160	0								4160
Stúfholt	5120	1200			160	48				6528
Torfastaðir	22240	5960								28200
Uppsali	960	140			960					2060
Varmadalur	0	9000								9000
Voðmúlastaðir	0	300		210	640		140	70		1360
Vorsabær	0	0			26800					26800
Ytra-Seljaland	1920	2690		1435	6600	70				12715
Þorvaldseyri	320	0		455	960					1735
Þverlækur	3300	115		525				70		4010
Samtals	185650	81350	0	5320	2E+05	6924	12945	2203	2660	451730
V-Skaft	Greni	Fura	Lerki	Ösp	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Víðir	Samtals
Blómsturvellir	0			875	160					1035
Hemrumörk	3080	2100		560	640					6380
Giljaland	0					35				35
Prestbakkakot	1970			70		72			35	2147
Skaftárdalur	640				1280	96	1520		1505	5041
Teygingarlækur	10545			1995	2465	2376	1320	175	3030	21906
Ytri-Ásar	0	2100	640		1600	144	2000	70	105	6659
Samtals	16235	4200	640	3500	6145	2723	4840	245	4675	43203
A-Skaft	Greni	Fura	Lerki	Ösp	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Víðir	Samtals
Hólmur	13005			12355	7190	4547	175	669	26635	64576
Klettabrekka	5640			490	400	420				6950
Samtals	18645	0	0	12845	7590	4967	175	669	26635	71526

Tafla 4. Sýnir heildaryfirlit fyrir plöntur sem gróðursettar voru í skógrækt árið 2008 og skiptingu á milli sýslan og jarða.




Heildaryfirlit skógarplantna í öllum sýslum.

	Greni	Fura	Lerki	Ösp	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Víðir	Samtals
Gullbr	380	0	140	0	160	210	390	105	1575	2960
Árn	205015	172460	2736	6020	17120	5005	18175	4060	5350	435941
Rang	185650	81350	0	5320	154678	6924	12945	2203	2660	451730
V-Skaft	16235	4200	640	3500	6145	2723	4840	245	4675	43203
A-Skaft	18645	0	0	12845	7590	4967	175	669	26635	71526
Samtals	425925	258010	3516	27685	185693	19829	36525	7282	40895	1005360


Tafla 5. Heildaryfirlit skógarplantna árið 2008

Hlutfall plöntufjölda sem gróðursettur var í skógrækt í hverri sýslu árið 2008



Mynd 13. Hlutfall plöntufjölda sem gróðursettur var í skógrækt í hverri sýslu.

Hlutfall tegunda sem gróðursettar voru í skógrækt árið 2008



Mynd 14. Hlutfall tegunda sem gróðursettar voru í skógrækt árið 2008



Skjólbeltarækt

Gullbr	Víðir	AÖ	Greni	Fura	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Runn ýt	Samtals
Fuglavík	70				160		160			390
Norðurkot	280					70	120			470
Samtals	350	0	0	0	160	70	280	0	0	860

Árn	Víðir	AÖ	Greni	Fura	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Runn ýt	Samtals
Andrésfjós			15		40	35				90
Björnskot			45	70						115
Böðmóðsstaðir	280	350				70				700
Heiðarás	385									385
Hlemmiskeið	35		40			35			245	355
Hraunvellir	70		210							280
Hvoll	140		60			140	300		1120	1760
Laugabakkar	525	420			1040		160		420	2565
Ólafsvellir									420	420
Reykhóll	105		210	140	320	280	505	350	105	2015
Seljavellir	70	210				35			140	455
Samtals	1610	980	580	210	1400	595	965	350	2450	9140

Rang	Víðir	AÖ	Greni	Fura	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Runn ýt	Samtals
Bjargarkot					210	70				280
Gunnarsholt		4725	1000		4031		8820			18576
Hellishólar		700	210		144					1054
Rauðuskriður	525	350	150		400	280				1705
Straumur			320			24				344
Stóra-Hildisey	1260	70	40						30	1400
Stóra-Rimakot		280				280			2485	3045
Samtals	1785	6125	1720	0	4785	654	8820	0	2515	26404

V-Skaft	Víðir	AÖ	Greni	Fura	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Runn ýt	Samtals
Ás			160			105			35	300
Langholt	665	560				216		70	455	1966
Samtals	665	560	160	0	0	321	0	70	490	2266

A-Skaft	Víðir	AÖ	Greni	Fura	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Runn ýt	Samtals
Árbær	70	35			40				35	180
Seljavellir	420					48				468
Samtals	490	35	0	0	40	48	0	0	35	648

Tafla 6. Sýnir heildaryfirlit fyrir plöntur sem gróðursettar voru í skjólbeltarækt árið 2008 og skiptingu á milli sýslan og jarða




Heildaryfirlit skjólbeltaplantna í öllum sýslum.

	Víðir	Ösp	Greni	Fura	Birki	Reynir	Elri	ÝT	Runn ýt	Samtals
Gullbr	350	0	0	0	160	70	280	0	0	860
Árn	1610	980	580	210	1400	595	965	350	2450	9140
Rang	1785	6125	1720	0	4785	654	8820	0	2515	26404
V-Skaft	665	560	160	0	0	321	0	70	490	2266
A-Skaft	490	35	0	0	40	48	0	0	35	648
Samtals	4900	7700	2460	210	6385	1688	10065	420	5490	39318


Tafla 7. Heildaryfirlit skjólbeltaplantna árið 2008

Hlutfallsleg skipting skjólbeltaplantna á milli sýslna árið 2008



Mynd 15. Hlutfall plöntufjölda sem gróðursettur var í skjólbeltarækt í hverri sýslu

Hlutfall tegunda sem gróðursettar voru í skjólbelti árið 2008




Mynd 16. Hlutfall tegunda sem gróðursettar voru í skjólbeltarækt árið 2008



Svæðisstjóraspjall Gullbringusýslu 2008

Á Suðurnesjum eru aðeins tvær jarðir í skógrækt og hafa plantað undanfarin ár. Jarðvegur á svæðinu er mjög rýr og þurr en búið er að græða upp að hluta til með lúpínu. Gróðursett hefur verið að mestu í lúpínuna og hefur það gefist mjög vel. Þær tegundir sem komið hefur best út er jörvavíðir, birki, ösp.



Mynd 17. Falleg ösp í skógræktarsvæði á Melabergi á Reykjanesi.

Hefðbundin skjólbeltarækt er á einni jörð á Suðurnesjum en þar er mest plantað í skjólgrúppur beint í jörð og hefur það gefist ágætlega. Þegar grúppurnar fara að mynda skjól þannig að hægt er að gróðursetja viðkvæmari tré í skjóli þeirra.

Hrönn




Mynd 18. Skjólbelti á Reykjanesi

Samantekt gróðursetninga í Gullbringusýslu árið 2008

Nýgróðursetning í skógrækt var á tveimur jörðum á Suðurnesjum og á tveimur jörðum í skjólbeltarækt. Heildarfjöldi plantna í skógrækt voru um 3000 plöntur og í skjólbeltarækt tæplega 1000 plöntur.


Myndirnar hér að neðan sýna hlutfall tegunda sem gróðursettar voru í skóg og skjólbelti árið 2008

Hlutfall tegunda gróðursett í skógrækt í Gullbringusýslu árið 2008



Mynd 19. Hlutfall tegunda gróðursettar í skógrækt í Gullbringusýslu árið 2008

Hlutfall tegunda gróðursett í skjólbelti í Gullbringusýslu árið 2008



Mynd 20. Hlutfall tegunda gróðursettar í skjólbeltarækt í Gullbringusýslu árið 2008

Svæðisstjóraspjall Árnæssýslu 2008


Útplöntun þetta árið hófst að krafti þann 20 maí. Á þeim tímapunkti virtust allir vera komnir í startholurnar og tilbúnir til að taka á móti plöntum, sól, sumri og fuglasöng.

Mikið var úthlutað af plöntum út af frysti þannig að vinna þurfti vel eftir öllu skipulaginu og hafa hraðar hendur við útplöntun þeirra því eins og skógarbændur vita þurfa plöntur út af frysti að vera komnar í jörðu ekki seinna en 20 júní. Allt gekk þetta eftir með elju og dugnaði skógarbænda og verktaka. Plöntufjöldi sem verktakar planta eykst ár frá ári og var þetta árið um 270 þúsund plöntur í Árnæssýslu. Það er alltaf að verða algengara að bændur fái til sín verktaka til að planta í stærsta hluta samningssvæðisins en sjái svo sjálfir um einhvern hluta svæðisins, umsýsluna, umhirðuna og ýmis önnur verk og hefur þetta fyrirkomulag gengið mjög vel.

Þó sumarið hafi verið þurrviðrasamt að mestum hluta var það þó ekki eins þurrt og sumarið 2007 og lífsbarátta plantanna því ekki eins erfið af þessum sökum.

Að hausti var ekki annað að sjá en að góð lifun væri í plöntum út af frysti og erum við því enn sannfærðari en áður um að Suðurlandsskógar hafi enn tekið rétt skref til framfara í skógrækt á Íslandi.

Harpa Dís



Mynd 21. Fallegt skjólbelti á Efra-Seli í Árnæssýslu.



Mynd 22. Lerkireitur á Fossnesi í Árnæssýslu.




Samantekt gróðursetninga í Árnessýslu árið 2008

Þrjátíu og sjö skógarbændur framkvæmdu árið 2008. Alls voru gróðursettar tæpar 436 þúsund plöntur, sem er um einum þriðja meira en árið 2007. Í nýgróðursetningar fór 83 % en af plöntunum og 17 % plantna fóru í íbætur.

Framkvæmdir í skjólbeltarækt var með minna móti þetta árið en undanfarin ár, eða um 9 þúsund plöntur gróðursettar í skjólbelti, ýmist í ný beltí eða íbætur.


Myndirnar hér að neðan sýna hlutfall tegunda sem gróðursettar voru í skógrækt og skjólbeltarækt

Hlutfall tegunda gróðursett í skógrækt í Árnessýslu árið 2008



Mynd 23. Hlutfall tegunda gróðursettar í skógrækt í Árnessýslu árið 2008

Hlutfall tegunda gróðursett í skjólbelti í Árnessýslu árið 2008



Mynd 24. Hlutfall tegunda gróðursettar í skjólbeltarækt í Árnessýslu árið 2008



Svæðisstjóraspjall Rangárvallasýslu 2008

Veturinn var stórvíðrasamur framan af og urðu miklar skemmdir á trjágróðri á ýmsum stöðum í sýslunni vegna saltausturs í sunnanstormum. Skaraskemmdir sáust einnig á nokkrum stöðum og er það í fyrsta sinn í 8 ár sem skarasnjórn skemmir trjágróður á þessu svæði. Vorið var hins vegar ágætt og hófst útplöntun og áburðargjöf um 10. apríl hjá skógarbændum í Rangárvallasýslu. Plöntunin gekk þó fremur rólega, og þegar kom fram í júní og júlí urðu nokkrar tafir vegna þurrka en margar þeirra jarða sem unnið var á eru mjög þurrleNDAR og hásumarið því ekki hentugur plöntunartími fyrir þær. Af þessum ástæðum var plöntun ekki lokið fyrr en um miðjan ágúst í Rangárvallasýslu. Afgreiðsla á plöntum fluttist að mestu leiti frá Tumastöðum að Bjargarkoti í Fljótshlíð. Þar er til staðar hús til að taka við pökkuðum plöntum úr frystigeymslum. Á Tumastöðum verður þó áfram geymsla á stærri lagerum af plöntum í bökkum.

Verktakar plöntuðu nálægt helmingi plantna í Rangárvallasýslu, eða um 250 þúsund plöntum þar af 237 þúsund með plöntunarfélum. Áburðargjöf á eldri gróðursetningar var með meira móti enda stór skógræktarsvæði á rýru landi sem þarf að styðja við fyrstu árin.




Mynd 25. Birki við ygluétna lúpínu.

Ertuygla olli miklum sköðum víða í sumar eins og sl. tvö ár. Flestir lúpínaakrar voru uppétnir á miðju sumri og þar sem trjáplöntur voru í þeim urðu þær fyrir miklum skemmdum. Einnig sá víða á trjáplöntum í graslendi. Við þessum vágasti er ekki margt til varna, en þó var gerð tilraun á einum lúpínuakri með að úða Roundup á 1 ha. sem síðan var plantað að hausti. Tilgangurinn er að kanna hvort gróðureyðing á plöntunarsvæði forði því frá ágangi yglunnar a.m.k. fyrstu árin meðan trjáplöntur eru að komast þar á legg. Miðað við skoðun á þessum reit virtist yglan ekki koma mikið við þar í sumar.

Í úttekjum í haust voru svæðisstjórar vopnaðir GPS-tækjum sem skráðu útlínur svæða sem plantað var í sumar. Þannig koma skráningar á útplöntunarsvæðum beint inn á tölvumyndir af skógarsvæðunum á mjög nákvæman hátt þar sem plantað er í samfeld svæði.

Útplöntun á skjólbeltum var sáralítill í sýslunni þetta árið og þyrfti að bæta þar verulega úr.
Hallur



Mynd 26. Hross í skjóli trjáa.




Samantekt gróðursetninga í Rangárvallasýslu árið 2008.

Í Rangárvallasýslu var framkvæmt í skógrækt á 22 jörðum. Alls var gróðursett um 452 þúsund plöntur, sem er 40 % meira en árið 2007. 26 % af plöntunum sem gróðursettar voru fór í íbætur og 74 % í nýgróðursetningar.

Skjólbeltarækt hefur af einhverjum sökum dregist saman í öllum sýslu og í Rangárvallasýslu var gróðursett um 26 þúsund plöntum í skjólbelti.


Myndirnar hér að neðan sýna hlutfall tegunda sem gróðursettar voru í skógrækt og skjólbeltarækt.

Hlutfall tegunda gróðursett í skógrækt í Rangárvallasýslu árið 2008



Mynd 27. Hlutfall tegunda gróðursettar í skógrækt í Rangárvallasýslu árið 2008

Hlutfall tegunda gróðursett í skjólbelti í Rangárvallasýslu árið 2008



Mynd 28. Hlutfall tegunda gróðursettar í skjólbeltarækt í Rangárvallasýslu árið 2008




Svæðisstjóraspjall Vestur og Austur-Skaftafellssýslum 2008

Gróðursetningar hófust um miðjan maí og fór mestur hluti plantna niður í maí, júní og júlí, en minna í ágúst. Tíðarfar sumarsins var gott í heildina og þurrir dagar ekki það margir að ástæða þætti til að gera hlé á gróðursetningum.

Afgreiðsla á plöntum í V-Skaftafellssýslu er í Prestsbakkakoti, en síðastliðið vor var þar tekin í notkun köld geymsla fyrir frystar plöntur. Mikill meirihluti þeirra plantna sem gróðursettur var í skógrækt var frystar plöntur og hefur fólki gengið vel að tileinka sér þær nýjungar sem fylgja notkun þeirra, þ.e. að panta plönturnar með viku fyrirvara og plantna þeim síðan innan viku eftir að hafa fengið þær afhentar af dreifingarstöð.

Að þessu sinni var talsverðu magni plantað að hausti en það var vélgróðursetning sem gerð var í Hornafirði í fyrstu tveimur vikum í október. Gekk sú gróðursetning vel og var framkvæmd þar öll í góðu lagi.



Mynd 29. Vélgróðursetning í Hólmi í A-Skaft


Farið í heimsóknir á þær jarðir sem voru í skógræktar- og skjólbeltaframkvæmdum og gróðursetningar ársins skoðaðar með skógarbændum. Að hausti var úttekt gerð á ástandi gróðursetninganna og útlínur þeirra skráðar inn með GPS. Þær upplýsingar eru síðan færðar inn á stafrænar loftmyndir við skráningu og tölvuvinnslu á framkvæmdum ársins á hverri jörð fyrir sig.

Þá var haldið áfram að taka út eldri gróðursetningar á jörðum sem tekið hafa þátt í Suðurlandsskógum. Nú í sumar var lokið að mestu úttektum á Ytri-Ásum og í Hemrumörk í Vestur-Skaftafellssýslu. Þá voru teknar út allar

eldri gróðursetningar á Lindarbakka í Austur-Skaftafellssýslu. Þessar úttektir á eldri gróðursetningum eru mjög mikilvægar og af þeim má margt læra. Á tveimur jörðum sá verktakinn Græni drekinn um gróðursetninguna og var hann annars vegar með gróðursetningarvél og hins vegar hóp gróðursetningarfólks.

Við úttekt á gróðursetningum í V-Skaftafellssýslu í byrjun ágúst kom í ljós að ertuyglan var komin þar í plönturnar og hafði þegar valdið skemmdum á meiri en helmingi þeirra plantna sem gróðursettar voru í eina jörð. Á þessari jörð var plantað í óunnið land í mólendi og gamlar herfingar í mýrlendi. Gerð var tilraun með að úða svæðið með Permasekt í byrjun ágúst í þeirri von að draga úr útbreiðslu yglunnar. Hornafjarðarplógurinn var notaður við gróðursetningar á einni jörð í A-Skaftafellssýslu. Landið sem er þýft mýrlendi var sléttað fyrir gróðursetninguna með tætara síðastliðið vor og síðan var plantað í það með gróðursetningarplógnum í sumar. Í úttekt gróðursetningunni síðari hluta sumarsins kom hún vel út og virtist ástand plantnanna almennt í góðu lagi.

Valgerður



Mynd 30. Vélgróðursetning (Hornafjarðarplógurinn) á Klettabrekku í A-Skaft




Samantekt gróðursetninga í V-Skaftafellssýslu árið 2008

Í V-Skaftafellssýslu var gróðursett á 10 jörðum. Alls voru gróðursettar rúmlega 43 þúsund plöntur á þessum tíu jörðum, þar af fóru 76 % í nýgróðursetningar en 24 % í íbætur.

Gróðursett var í skjólbelti einungis á tveimur jörðum, eða rúmlega 2000 plöntur, sem er þó aðeins aukning frá árinu 2007.


Myndirnar hér að neðan sýna hlutfall tegunda sem gróðursettar voru í skóg og skjólbelti.

Hlutfall tegunda gróðursett í skógrækt í V-Skaftafellssýslu árið 2008



Mynd 31. Hlutfall tegunda gróðursettar í skógrækt í V-Skaftafellssýslu árið 2008

Hlutfall gróðursetningar í skjólbelti í V-Skaftafellssýslu árið 2008



Mynd 32. Hlutfall tegunda gróðursettar í skjólbeltarækt í V-Skaftafellssýslu árið 2008




Samantekt gróðursetninga í A-Skaftafellssýslu árið 2008

Í A-Skaftafellssýslu var gróðursett á 2 jörðum. Alls voru gróðursettar rúmlega 71 þúsund plöntur á þessum jörðum, þar af voru tæplega 6500 plöntur gróðursettar í haust. Öll gróðursetning í A-Skaft var nýgróðursetning


Í skjólbelti var einnig gróðursett á tveimur jörðum smáslöttum eða rúmlega 600 plöntum. Í A-Skaft er eins og í öðrum sýslum lögð í skjólbeltarækt.

Hlutfall tegunda gróðursett í skógrækt í A-Skaftafellssýslu árið 2008



Mynd 33. Hlutfall tegunda gróðursettar í skógrækt í A-Skaftafellssýslu árið 2008


Hlutfall tegunda gróðursett í skjólbelti í A-Skaftafellssýslu árið 2008



Mynd 34. Hlutfall tegunda gróðursettar í skjólbeltarækt í A-Skaftafellssýslu árið 2008

Samanburður á milli ára

Frá árinu 1998 er búið að gróðursetja um 9,5 miljón plantna í skógrækt og skjólbeltarækt undir merkjum Suðurlandsskóga. Eftir lögð tvö síðastliðin ár þá erum við að ná fyrra risi. Myndirnar hér að neðan sýna þróunina á þeim heildarfjölda gróðursettra plantna ár hvert og hlutfall tegunda sem gróðursett hefur verið í gegnum tíðina.



Mynd 35. Þróun gróðursetningar frá árinu 1998.



Mynd 36. Hlutfall tegunda sem gróðursettar hafa verið frá árinu 1998-2008

